

## Boð í rýnihópsumræður um stefnumótun í málefnum innflytjenda og flóttafólks - Reykjavík

Við hjá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu vinnum nú að [stefnumótun í málefnum innflytjenda og flóttafólks](#). Um er að ræða fyrstu stefnu stjórnvalda hvað varðar málefni innflytjenda.

Stefnu í málefnum innflytjenda og flóttafólks er ætlað að miða að því að fólk sem sest hér að hafi meiri tækifæri til inngildingar og virkrar þátttöku í samfélaginu og á vinnumarkaði. Við undirbúning slíkrar stefnu er viðtækt samráð mikilvægt, ekki síst við innflytjendur og almenningi almennt. Tryggja þarf að raddir innflytjenda og flóttafólks heyrast í stefnumótunarferlinu.

Í tengslum við þessa vinnu, viljum við bjóða þér í rýnihópaumræður í **Reykjavík** miðvikudaginn **7.febrúar kl. 17:30-19:00** í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu (**Síðumúla 24**).

Á fundinum munum við kynna stefnumótunarvinnuna, hlusta á hvaða mál þú telur mikilvægust fyrir flóttafólk á Íslandi og þína skoðun á hvernig við getum mótað þjónustu við flóttafólk til framtíðar.

Þátttaka í samtalinu er valfrjáls. Það sem fram kemur í umræðum á fundinum verður skráð niður í þeim tilgangi að nota við mótun stefnunnar. Á engan hátt verður hægt að rekja einstaka ummæli og viðhorf til þátttakenda. Hér gefst einstakt tækifæri til að hafa bein áhrif á framtíðar stefnu stjórnvalda um málefni innflytjenda og flóttafólks. Álit þitt skiptir okkur máli.

Fundurinn verður haldinn á íslensku og ensku eftir þörfum, boðið er upp á túlkun sé þess óskað fyrirfram.

***Ef þú hefur áhuga á að taka þátt þarftu að skrá þig með því að fylla inn í skráningarblaðið sem finna má í hlekknum hér að neðan. Þar þarf að taka fram ef þú óskar eftir túlkun og fyrir hvaða tungumál.***

<https://forms.office.com/e/58uY955iD7>



Ef þú hefur einhverjar spurningar ekki hika við að hafa samband við okkur í félags- og vinnuáráðuneytinu: [frn@frn.is](mailto:frn@frn.is).

